



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE1JR05

Kennari	Íris Lind Björnsdóttir, iris.lind.bjornsdottir@fss.is Kristín María Birgisdóttir, kristin.maria@fss.is Sunna Pétursdóttir, sunna.petursdottir@fss.is Telma Rut Eiríksdóttir, telma.eiriksdottir@fss.is Valgerður Guðbjörnsdóttir, valgerdur.gudbjornsdottir@fss.is	    
	Viðtalstími	
	Mánudaga klukkan 14:00 – 14:40 í stofu 221	
Námsefni	Vinnubók sem unnin hefur verið af Telmu Rut Eiríksdóttur upp úr bókinni Bettý eftir Arnald Indriðason. Einnig verður unnið með einstaklingsmiðuð verkefni sem kennari útbýr og tekin verða mið af í símati áfangans.	
Áfangalýsing	Unnið verður með alla þætti íslenskunnar og grunnþátturinn jafnrétti verður hafður að leiðarljósi. Notaðar verða aldursmiðaðar bókmenntir sem gefa fjölbreytta sýn á aðstæður og umhverfi ungs fólks. Einnig verða sjálfshjálparbækur, íslensk tónlist og fjölbreytt verkefni nýtt í kennslunni. Jafnréttishugtakið er skoðað í þeim tilgangi að leitast við að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda, hugtök sem unnið verður með eru til dæmis aldur, búseta, kyn, kynhneigð, menning, trúarbrögð, lífsskoðanir, menntun og minnihlutahópar.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Námsmatið er einstaklingsmiðað, s.s. leiðsagnarmat, verkefnaskil, virkni í kennslustundum, sjálfsmat og ástundun. Regluleg endurgjöf er frá kennara á vinnuframlag nemenda og verkefnaskil.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi
	Lotupróf x 3	60 %
	Vinnubók	30 %
	Tímaverkefni x 4	10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímu er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Gert er ráð fyrir því að nemendur taki þátt í öllum verkefnum annarinnar og vinni þau jafnt og þétt. Kennsluáætlun kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur	

Grunnpættir menntunar	Læsi: Nemendur efla les-, rit- og upplýsingalæsi með lestri Bettýjar, vinnu með orðaforða og lesskilning og fjölbreyttri munnlegri og skriflegri tjáningu. Sköpun: Nemendur vinna skapandi verkefni tengd bókmenntum, íslenskri tónlist og eigin reynslu og fá svigrúm til að velja viðfangsefni og miðla hugmyndum á fjölbreyttan hátt. Jafnrétti: Jafnrétti er leiðarstef áfangans. Nemendur skoða fjölbreytileika samfélagsins og ræða aðstæður sem geta leitt til mismununar eða forréttinda, meðal annars út frá aldri, búsetu, kyni, kynhneigð, menningu, trú, lífsskoðunum, menntun og stöðu minnihlutahópa. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur æfa sig í að mynda og tjá eigin skoðanir, hlusta á sjónarmið annarra og taka þátt í umræðum af virðingu og ábyrgð. Áhersla er lögð á val, þátttöku og rétt allra til að láta rödd sína heyrast. Heilbrigði og velferð: Einstaklingsmiðuð verkefni, leiðsagnarmat og regluleg endurgjöf styðja við sjálfstraust, virkni og vellíðan nemenda. Unnið er í öruggu námsumhverfi með efni sem tengist lífi og aðstæðum ungs fólks. Sjálfbærni: Nemendur skoða í gegnum texta og umræður hvernig ákvarðanir, samskipti og samfélagsleg ábyrgð hafa áhrif á einstaklinga og samfélag. Áhersla er jafnframt lögð á ábyrga nýtingu námsefnis og annarra gagna.
-------------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Jafnréttishugtakinu • Fjölbreytileika jafnréttis • Hugtakinu minnihlutahópur • Að Allir hafa hæfileika og möguleika til aukinnar víðsýni • Mikilvægi þess að eiga möguleika á því að velja	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Skilja þá hugsun sem felst í hugtakinu jafnrétti • Taka þátt í lýðræðissamfélagi á virkan og ábyrgan hátt • Spyrra spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • Átta sig á mikilvægi þess að hafa val • Láta skoðanir sínar í ljós
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Skilja þá hugsun sem felst í hugtakinu jafnrétti • Taka þátt í lýðræðissamfélagi á virkan og ábyrgan hátt • Spyrra spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • Átta sig á mikilvægi þess að hafa val • Láta skoðanir sínar í ljós	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Farið yfir kennsluáætlun og námsefni annar kynnt. Bókin Bettý verður kynnt fyrir nemendum.	
2. vika 24.-28. ágúst	Bettý kafli 1 – 4 og verkefni.	Tímaverkefni 1
3. vika 31. ágúst-4. september	Bettý kafli 5 – 7 og verkefni	
4. vika 7.-11. september	Bettý kafli 8 – 10 og verkefni.	
5. vika 14.-18. september	Bettý kafli 11 – 12 og verkefni.	Lotupróf 1
6. vika 21.-25. september	Bettý kafli 13 – 15 og verkefni.	
7. vika 28. september-2. október	Bettý kafli 16 – 18 og verkefni.	Tímaverkefni 2
8. vika 5.-9. október	Bettý kafli 19 – 21 og verkefni.	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Bettý kafli 22 og verkefni.	Lotupróf 2
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>		
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Bettý kafli 23 – 24 og verkefni.	
12. vika 2.-6. nóvember	Bettý kafli 25 – 27 og verkefni.	Tímaverkefni 3
13. vika 9.-13. nóvember	Bettý kafli 28 og verkefni.	
14. vika 16.-20. nóvember	Bettý kafli 29 - 30 og verkefni	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Bettý lok bókar og verkefni	Lotupróf 3
16. vika 30. nóvember-4. desember	Frágangur og uppgjör áfanga	Tímaverkefni 4

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Lind Björnsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Sunna Pétursdóttir, Telma Rut Eiríksdóttir og Valgerður Guðbjörnsdóttir